

6. gr.

Nú hefur eigandi af einhverjum ástæðum ekki látið bólusetja ásetningsslömb eða kið, sem skylt er að bólusetja innan tilskilins tíma og skal þá oddviti (bæjarstjóri) gera eftirlitsmanni aðvart. Skal þá eftirlitsmaður í samráði við lögreglustjóra gera ráðstafanir til þess að féð verði bólusett á kostnað eigenda eða umráðamanna, eins fljótt og við verður komið.

7. gr.

Þóknun fyrir starf eftirlitsmanns skal greiða að hálfu úr sveitarsjóði (bæjarsjóði) og að hálfu úr ríkissjóði.

Sauðfjársjúkdómanefnd ákveður þóknun til eftirlitsmanna og úrskurðar ferðakostnaðar- reikninga þeirra. Bóluefni, útbúnað til bólusetningar og kaup bólusetningarmanna skal greiða úr viðkomandi sveitarsjóði (bæjarsjóði), en þeim kostnaði má síðan deila niður á fjáreigendur í hlutfalli við bólusett fé.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 23/1956. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 44. gr. laga nr. 23/1956, með síðari breytingum og lögum nr. 77/1981, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 414 22. nóvember 1976 um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki og reglugerð nr. 418 18. október 1990 um breytingu á henni.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. nóvember 1991.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar í Mosfellsdal.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. nóvember 1991 staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar (áður Mosfellsshrepps) 1983–2003. Breytingin tekur til hluta Mosfellsdals og afmarkast skipulagssvæðið til norðurs af 100 m hæðarlínu í suðurhlíðum Mosfells, til austurs af 100 m hæðarlínu í vesturhlíðum Grímannsfells og beint í norður um Jónstótt og bæinn Laxnes og áfram þaðan í norðvestur. Skammadalssvegur frá Þjóðvegi að ármótum Suðurár og Markalækjar og þaðan beint í austur er afmörkun skipulagssvæðisins til suðurs, en ármót Suðurár og Köldukvíslar og bein stefna þaðan í norður og suður afmarkar svæðið til vesturs.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins og bæjarstjórnar Mosfellsbæjar.

Umhverfisstjórnuneytið, 25. nóvember 1991.

Eiður Guðnason.

Páll Líndal.